

Re: Taflfélag Garðabæjar erindi

Til : Kári Jónsson
Frá : Bjarnsteinn Þórsson <bjarnst@gmail.com>
CC : Sindri Guðjónsson <sindri79@gmail.com>; Sóley Lind Pálsdóttir <soleylind@hotmail.com>
Heiti : Re: Taflfélag Garðabæjar erindi
Málsnúmer : 1908441
Málsaðili : Íþróttafulltrúi Garðabæjar
Skráð dags : 06.09.2019 11:02:06
Höfundur : Bjarnsteinn Þórsson <bjarnst@gmail.com>
Viðhengi : ~WRD000.jpg

Sæll Kári og afsakaðu hvað ég er seinn með þetta.

Hér fyrir neðan er fjárhagsáætlun fyrir veturinn miðuð við núverandi stöðu. Það er 50.000 kr. halli á henni, en við áttum þá fjármuni á reikningu núna í vor.

- Beinn kostnaðaraukinn við það að fara úr 3. í 4. deild var 45.000 kr á síðasta tímabili. Þáttökugjöld í 3. deild voru 15.000 kr, en 60.000 kr. í þeirri annarri
- Að auki langar okkur til að tefla fram þremur sveitum en það kostar 15.000 krónur aukalega.
- Fyrirsjáanlega er aukinn ferðakostnaður eftir gjaldþrot WOW
- Varðandi barnastarfið viljum við skoða að bæta við aukabjálfa því krakkarnir eru mislangt komin í skáklistinni og hætta á að þau sem lengra eru komin missi áhugann
- Auk þess vil ég minnst á að á næsta ári verður félagið 40 ára. Okkur langar til að halda eitthvað upp á það.

Bestu kveðjur
Bjarnsteinn Þórsson gjaldkeri TG

Fjárhagsáætlun Taflfélags Garðabæjar veturinn 2019 - 2020					
Liður	Tekjur	Gjöld	Nettó	Athugasemdir	
Skákþing Garðabæjar + Hraðskákmót	70.000	100.000	- 30.000	Samkvæmt reynslu	
Íslandsmót Unglinga	45.000	15.000	30.000		
Íslandsmót Skáklfélaga	-	675.000	- 675.000	Sjá sundurliðun - miðað við 3 sv	
Önnur mót sem TG tekur þátt í			20.000		
Barnastarf	60.000	210.000	- 150.000		
Endurnýjun á búnaði		60.000	- 60.000	þörf á að endurnýja skákklukkur	
Rekstur	10.000	35.000	- 25.000	Heimasíða, bankakostnaður, vax	
Félagsgjöld	60.000		60.000		
Styrkur frá Garðabæ	800.000		800.000		
	1.045.000	1.095.000	- 50.000		

Íslandsmót Skákfélaga og önnur mót	Kostnaður	2018	Munur
Ferðakostnaður	400.000	335.013	64.987
Þáttökugjöld	175.000	100.000	75.000
Annar Kostnaður	100.000	96.175	3.825
	675.000	531.188	143.812

Þann mið., 28. ágú. 2019, 09:42 Kári Jónsson skrifaði <Karijo@gardabaer.is>:

Sæll Bjarnsteinn

Til hamingju með árangurinn!

ÍTG kemur næst saman 10. september og mun þá fjalla um umsókn félagsins.

Til að fjalla málefnalega um styrkbeiðnina væri gott að fa' nánari útlistun á þeim óvænta kostnaði sem þessum árangri fylgir og hverjar fjárhagsáætlanir félagsins eru í heild.

Kveðja/Regards,

Kári Jónsson
Íþróttafulltrúi Garðabæjar /Director of Sport activities
GSM/Mobil: +354 820 8548

Frá: Bjarnsteinn Þórsson [mailto:bjarnst@gmail.com]

Sent: þriðjudagur, 27. ágúst 2019 16:00

Til: Kári Jónsson <Karijo@gardabaer.is>

Efni: Re: Taflfélag Garðabæjar erindi

Sæll Kári

Er einhver flötur á að fá viðbótarstyrk til Taflfélagsins vegna sigurs í 3. deildinni í Íslandsmóti Skákfélaga í fyrra.

Bestu kveðjur

Bjarnsteinn Þórsson

gjaldkeri TG

mið., 21. ágú. 2019 kl. 11:23 skrifaði Guðjón Erling Friðriksson <gudjon@gardabaer.is>:

Sæll Bjarnsteinn

Varðandi erindi þitt um styrk vegna góðs árangur á Íslandsmóti í skák að þá vísa ég því áfram á Kára Jónsson, íþróttafulltrúa.

Hvað varðar aðgang að Sveinatungu að þá getum við ekki bundið húsnæðið vegna reglubundinna æfinga en til greina kemur að nýta aðstöðuna fyrir einstaka viðburði eins og skákmót.

Með kveðju,

Guðjón Erling Friðriksson,

bæjarritari.

gudjon@gardabaer.is

www.gardabaer.is

s: 525 8521/820 8521

From: Bjarnsteinn Þórsson [mailto:bjarnst@gmail.com]

Sent: þriðjudagur, 20. ágúst 2019 15:06

To: Guðjón Erling Friðriksson <gudjon@gardabaer.is>

Subject: Re: Taflfélag Garðabæjar erindi

Sæll Guðjón

Ég sendi þetta erindi á þig fyrir nokkrum dögum, en Páll Sigurðsson fyrrverandi formaður benti mér á að hafa samband við þig.

Ef þetta er ekki á þinni könnu, hvert ætti ég þá að snúa mér ?

Og rétt að komi fram að við unnum þriðju deildina á síðasta ári :)

Bestu kveðjur

Bjarnsteinn

fös., 16. ágú. 2019 kl. 12:43 skrifaði Bjarnsteinn Þórsson <bjarnst@gmail.com>:

Sæll Guðjón

Það eru tvö erindi sem mig langar til að eiga við þig.

Fyrri erindið eru umsókn um aukastyrk til félagsins vegna góðs árangurs B liðsins okkar í Íslandsmóti Skákfélaga, en þar sigruðum við deildina og munum eiga lið í tveim efstu deildum á komandi tímabili. Mér skilst að það séu fordæmi fyrir slíkum aukastyrkjum, en það er talsvert hærri þáttökugjöld í 2. deild en þeirri 3.

Seinna erindið er aðstaðan okkar, sem nú er í Betrunarhúsinu.

Einn félagi okkar var í Sveinatungu á 17. júní og fannst húsnaðið þar henta fyrir starfsemi félagsins. Er einhver flötur á að við fáum inni þar í vetur fyrir starfsemi okkar? Mér skilst að þetta húsnaði sé hugsað sem aðstaða fyrir félagasamtök og viðburði.

Bestu kveðjur

Bjarnsteinn Þórsson

Gjaldkeri TG

Afrit send á aðra stjórnarmenn TG, þ.e. Sindra Guðjónsson formann og Sóleyju Pálsdóttur ritara

▪ Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda

ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum.
Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.